

Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands 2010



Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands 2010 voru veitt á Nýsköpunarmessu HÍ föstudaginn 19. nóvember. Fyrstu verðlaun hlaut hugmyndin „www.handrit.is - Rannsóknargagnagrunnur og samskrá um íslensk og norræn handrit“, hugmynd Sigurgeirs Steingrímssonar á Árnastofnun, Arnar Hrafnkelssona forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns og Matthew Driscoll

forstöðumanns Árnastofnunar í Kaupmannahöfn. Verkefnið er á sviði norrænna fræða og er nútíma gagnagrunnur um íslensk og norræn handrit. Beitt er nútímatækni sem tengir saman ólíkar upplýsingar á nýstárlegan hátt. Hægt er að taka handrit og tengja við upplýsingar af ólíkum toga m.a. staðsetningar, landfræðilegar og fornleifafræðilegar upplýsingar. Auk þess má leika sér með handritin í grunninum, bæta við eigin texta, athugasemdum, nýta myndskreytingar og raða ólíkum atriðum saman að vild. Gagnagrunnurinn verður hvort tveggja tæki til fræðilegra athugana og persónulegt verkfæri til eigin sköpunar og uppgötvana. Með vefnum eru handritin gerð aðgengileg öllum.

Verkefnið „Ný tækni til flúrljómunarrannsókna á lifandi frumum“ hlaut önnur verðlaun. Tæknin byggir á notkun örflögu sem ljósörvað þunnt lag nálægt yfirborði flögunnar. Frumum, með flúrljómandi sameindum, er komið fyrir á örflögunni og ljósörvun á sér eingöngu stað í þeim hluta frumunnar sem næst er yfirborðinu. Með þessu má bæði auka greinigæði mynda og skoða einstakar flúrljómandi agnir innan frumunnar sem veita m.a. upplýsingar um efnaflutning í eða við frumuhimnu. Með örflögum má ná fram jafnri lýsingu yfir stór svæði. Vonast er til að flagan geti þjónað margvíslegum tilgangi í framtíðinni, bæði sem lífnemi og sem ný öflug rannsóknaraðferð í frumulíffræði. Björn Agnarsson doktorsnemi við Háskóla Íslands er höfundur tillögunnar ásamt Kristjáni Leóssyni eðlisfræðingi á Raunvísindastofnun.

Þriðju verðlaun hlaut danskt-íslenskt máltæki Auðar Hauksdóttur dósents í dönsku við Háskóla Íslands sem hún kallar „www.frasar.net. Danskt - íslenskt máltæki“. Vefsíðan veitir aðgang að orðasafni sem er frábrugðið hefðbundnum orðabókum. Í fyrsta lagi hefur frasar.net að geyma mun fleiri dönsk orðtök með skýringum á dönsku og íslensku og notkunardæmum en finna má í þeim tvímála orðabókum sem nú eru fáanlegar. Í öðru lagi gefur vefsvæðið kost á að finna sambærileg orðtök í málunum þó að kjarnaorðin séu ekki þau sömu. Þá fylgja lausninni upplýsingar til notenda, þegar líkindi eða ólíkindi með íslensku og dönsku geta valdið misskilningi eða leitt til misvísandi eða rangrar málnotkunar. Með tillögunni hefur tekist að afmarka mörg sambærileg orðtakapör, t.d. íslenska orðtakið Fara yfir lækinn eftir vatni og danska orðtakið Gå over åen efter vand, en hefðbundnar orðabækur draga ekki fram slík líkindi. Þá hafa lík orðtakapör verið borin saman og skráðar leiðbeiningar til notenda þegar hætta er á misskilningi, t.d. þegar yfirborðsmýndin er ólík en merking mjög lík eða hin sama. Dæmi: íslenska - gera úlfalda úr mýflugu, danska - gøre myg til en elefant.